# HÚSÖNDIN

35. tbl. 3.árg.
29. sept. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 30. SEPTEMBER - 6. OKTOBER

2.10. Jóhann Böðvarsson
3.10. Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Olga Laperova
5.10. Þórdís Guðfinna Jónsdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir



## TILNEFNINGAR ÓSKAST TIL UMHVERFISVERÐLAUNA 2020

Kæru sveitungar. Nú er komið að því að auglýsa eftir tilnefningum fyrir Umhverfisverðlaunin 2020. Óskað er eftir tilnefningum um einstaklinga, fyrirtæki, lögbýli eða stofnun sem eru til fyrirmyndar í umhirðu og umgengni síns nærumhverfis.
Biðjum við ykkur að horfa í kringum ykkur og senda til okkar tilnefningar með stuttum rökstuðningi af hverju viðkomandi hljóti viðurkenningu.

**TILNEFNINGAR SKAL SENDA Á SKUTUSTADAHREPPUR@SKUTUSTADAHREPPUR.IS EÐA SKILA INN Á HREPPSSKRIFSTOFU FYRIR 12 Á HÁDEGI 5. OKTÓBER N.K.**

Umhverfisverðlaun 2020 verða afhent á slægjufundi 24. október n.k.

**UMHVERFISNEFND SKÚTUSTAÐAHREPPS**

Þekkingarnet Þingeyinga

# Icelandic for foreigners

If you live in Mývatn area and are interested in learning Icelandic please contact: ditta@hac.is
We are looking forward to seeing you!

Icelandic 1A - Beginners: Fridays and Sundays 15:00 - 17:00
Icelandic 3A - Advanced: Fridays and Sundays 17:00 - 19:00

**Location: Skjólbrekka, Mývatnssveit. Sign up at: ditta@hac.is**
**Price: 22.500 kr. Teacher: Sólveig Jónsdóttir**
**First class: Friday, October 2**

**If you are a member of Framsýn labour union it might cover up to 90% of the cost. Please check with Framsýn office. Application for refund must go through Framsýn**

# Byrjum aftur um miðjan október þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17.30

ZUMBA

## Valērija Kiškurno

## Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra- SSNE leita að verkefnastjóra

SSNE auglýsir eftir verkefnisstjóra í afmarkað og tímabundið verkefni. Verkefnið sem um ræðir er styrkt af **A.10. Almenningssamgöngur um land allt** úr Byggðaáætlun 2018-2024.

Verkefnið ber heitið **Samfélagsleg nýsköpun- Samlegð farþega- og póstflutninga á Norðurlandi.**
Verkefnið felst í að tengja saman hagaðila og setja upp rekstrarhæft viðskiptamódel ásamt því að setja upp leiðatöflu sem tekur til allra þátta s.s. þjónustu við íbúa, póstþjónustu og ferðaþjónustu. Svæðið sem um ræðir er frá Húsavík til Þórshafnar.

**Verkefnastjóri þarf að hafa til að bera eftirfarandi menntun og/eða hæfni**

- Menntun sem nýtist verkefninu s.s. viðskiptafræði, verkefnastjórnun o.s.frv.
- Reynslu af verkefnastjórnun með mörgum hagaðilum
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góða íslenskukunnáttu og reynslu í að setja fram gögn í skýrslum
- Góða excel kunnáttu
- Framúrskarandi samskiptahæfileika.

**Hlutverk SSNE er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf á starfssvæði landshlutasamtakanna til að ná framangreindum markmiðum– með eftirfarandi hætti:**

- Innleiða og fylgja eftir sóknaráætlun og byggðaáætlun, þ.á.m. með úthlutun fjármuna og styrkja til einstakra verkefna, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlun
- Gæta hagsmuna aðildarsveitarfélaganna utan starfssvæðisins
- Vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögunum sameiginleg innan starfssvæðisins
- Stuðla að öflugu atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags og hagsmunagæslu þar að lútandi
- Annast greiningar, þekkingaröflun og þekkingarmiðlun sem nýtast hlutverki SSNE

SSNE
Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2020. Umsóknir skal senda á ssne@ssne.is. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Silju í síma 8661775/netfang silja@ssne.is og Nönnu Steinu í síma 4649982/netfang nanna@ssne.is.

## Skútustaðahreppur

# Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 27. maí 2020 breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem felst í því að hluta frístundabyggðar í landi Voga 1 verði breytt í landbúnaðarland. Í framhaldi verður breyting á deiliskipulagi Voga 1 kynnt og auglýst.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til undirritaðs.

Guðjón Vésteinsson

Skipulagsfulltrúi

gudjon@skutustadahreppur.is

Skútustaðahreppur

# Kynning á skipulagstillögum

Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps mun halda opinn kynningarfund skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila á eftirfarandi breytingartillögum:

- Breytingartillaga á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar. Breytingin felst í því að skilgreint er niðurdælingasvæði og staðsett niðurdælingahola fyrir förgun á þéttivatni frá Kröflustöð. Niðurdælingasvæðið er 0,4 ha að stærð og er það staðsett sunnan við kæliturninn í Kröflu. Niðurdælingaholan er staðsett innan niðurdælingasvæðisins en holan mun vera skáboruð til vesturs, en markmiðið er finna lekt við að skábora gegnum gossprungu frá Daleldum.

- Breytingartillaga á deiliskipulagi Voga 1. Breytingin snýr að því að bætt verði við lóð fyrir íbúðarhús við núverandi frístundalóðasvæði og stærð lóðar F5 minnkar.

Kynningarfundurinn verður haldinn að Hlíðavegi 6 mánudaginn 5. október milli klukkan 15:00 – 16:00.

Tillögurnar verða einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: www.skutustadahreppur.is undir: Skipulagsauglýsingar (hnappur á forsíðu) sem og á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6. Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Guðjón Vésteinsson,
skipulagsfulltrúi
gudjon@skutustadahreppur.is